



## **Athugasemdir nokkurra félaga í Samtökum útivistarfélaga (SAMÚT) um tillögu til þingsályktunar um viðgerðir á jarðvegsrofi vegna utanvegaaksturs utan þjóðgarða.**

Við undirritaðir forsvarsmenn í útivistarfélögum höfum tekið til umfjöllunar ofangreinda þingsályktunartillögu. Á grundvelli þess viljum gera eftirfarandi athugasemdir við tillöguna.

1. Við fögnum megin inntaki tillögunnar og styðjum heilshugar að sektargreiðslur verði nýttar til að vinna að lagfæringum á skemmdum vegna utanvegaaksturs. Við vekjum athygli á því að útivistarfélög hafa margoft unnið að slíkum lagfæringum, enda leggja þau öll mikla áherslu á að í náttúru landsins séu sem minnst ummerki eftir hvers konar umferð, hvort heldur er vegna aksturs, göngu, reiðmennsku, hjólreiða eða annað. Má þar nefna nýleg dæmi, svo sem framtak Ferðaklúbbsins 4x4 í nágrenni Kerlingarfjalla, Ferðaklúbbsins 4x4 á Akureyri í nágrenni Mývatns og sameiginlegt framtak Ferðafélagsins Útivistar og Ferðaklúbbsins 4x4 að Fjallabaki. Í öllum tilfellum er um að ræða sjálfböðavinnu félagsmanna þessara útivistarfélaga en beinn kostnaður hefur komið úr sjóðum félaganna. Það myndi auka verulega möguleika þessara félaga til umhverfisbóta af þessu tagi ef hægt er að sækja um styrki í styrktar-sjóð sem hefði þetta hlutverk. Auk þess er ekki óeðlilegt að spurningarmerki sé sett við núverandi fyrirkomulag þar sem fjármunirnir renna í ríkissjóð en kostnaður leggst á frjáls félagasamtök. Við teljum þessa hugmynd því tvímælalaust framfaraskref sem ber að fagna.
2. Í greinargerð með tillögunni koma fram nokkur atriði sem við teljum nauðsynlegt að gera athugasemdir við.

Í fyrsta lagi er þar fullyrt að framlög séu tryggð til að bæta skemmdir af mannavöldum innan þjóðgarða. Þessi fullyrðing kom okkur svolítið spáskt fyrir sjónir og bárum við það undir framkvæmdastjóra Vatnajökulspjóðgarðs. Hann kannaðist ekki við að fjármunir séu á neitt hátt tryggðir hvað þetta varðar. Því vaknar spurning hvort rétt sé að undanskilja þjóðgarða í þessu eða að öðrum kosti skýra nánar með hvaða hætti fjármunir séu tryggðir hvað þetta varðar. Einnig vakna spurningar um hvort þetta þýði að sektir vegna skemmda á náttúrunni innan þjóðgarða verði undanskildar því að renna í umræddan sjóð og renni þess í stað í ríkissjóð. Undir öllum kringumstæðum þarf að skýra nánar hvernig þjóðgarðar og náttúruskemmdir innan þeirra verði meðhöndlaðir.

þg  
SJ  
Si




## Samút Samtök Utivistafélaga

Í öðru lagi teljum við rétt að vikka skírskotun tillögunnar þannig að talað verði um *umferð utan vega* frekar en *utanvegaakstur*. Þó svo spjöll af völdum aksturs hafi verið mest í umræðunni á síðustu árum verður ekki fram hjá því litið að spjöll verða einnig af völdum annarrar umferðar. Má þar nefna hjólreiðar, hestaumferð og jafnvel gangandi umferð. Þó ekki sé mikið um að spjöll af völdum slíkrar umferðar hafi sætt kærur þá er það ekki alveg óþekkt og dæmi eru um að reiðhópar hafi verið kærðir og nýlega var a.m.k. til skoðunar að kæra umferð hjólreiðamanna í Friðlandinu að Fjallabaki. Því teljum við bæði sjálfsagt og nauðsynlegt að orðalag tillögunnar taki til hverskonar skemmda af völdum umferðar en ekki eingöngu til skemmda af völdum aksturs.


Í þriðja lagi gera flutningsmenn það að tillögu sinni „... að úthlutunarreglur taki mið af því að staðbundin félagasamtök á borð við íþróttafélög, skátahreyfingar eða umhverfisverndar samtök geti tekið að sér framkvæmd viðgerða á tilteknum skemmdum“. Það vekur nokkra furðu að útivistarfélag séu ekki nefnd hér. Eins og að framan greinir hafa útivistarfélag innan vébanda SAMÚT alloft ráðist í lagfæringar á skemmdum af völdum umferðar í samvinnu við Umhverfisstofnun, landeigendur eða sveitarfélög. Það væri því einkennilegt ef úthlutunarreglurnar útiloki framtak þessara félaga frá vinnu við lagfæringar á skemmdum.

  
Sveinbjörn Halldórsson


Formaður Samtaka útivistarfélaga, SAMÚT  
Formaður Ferðaklúbbsins 4x4

  
Skúli H. Skúlason

Framkvæmdastjóri Ferðafélagsins Útivistar

  
Snorri Ingimarsson

Stjórnarmaður í Vatnajökulþjóðgarði fyrir hönd SAMÚT

  
Þórarinn Garðarsson

Umhverfisnefnd Ferðaklúbbsins 4x4